

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

b/t Stjórnar

Hamraborg 9

200 Kópavogur

Reykjavík 14. júlí 2014

Efni: Aðgengi að almenningssamgöngum fyrir fatlaða innan höfuðborgarsvæðisins (allir í strætó!).

Sjálfsbjörg leitaði til starfsmanna Strætó bs. með þá hugmynd að auka aðgengi fyrir fatlaða að strætisvögnum. Vel var tekið í þá hugmynd. Eins og stjórn SSH er vafalaust kunnugt eru allir strætisvagnar sem aka innan höfuðborgarsvæðisins svokallaðir „laggólfsvagnar“ en fyrstu slíku vagnar Strætó voru keyptir fyrir rúmlega 16 árum síðan, því er aðgengi fyrir fatlaða inn í vagnana sjálfa mjög gott.

Hins vegar eru aðrir þættir sem mætti bæta og eins þarf að setja ákveðin ramma til að allir átti sig á fyrir hvaða markhóp fatlaðra þjónustan hentar.

Því óskar Sjálfsbjörg eftir samvinnu um ákveðið verkefni í tilraunaskyni til að auka notkun fatlaðra á Strætisvögnum.

Okkar hugmyndir er í stuttu máli þessar.

Vinsamleg tilmæli til farþega með fötlun og þurfa að ferðast með Strætó í hjólastól.

- Viðkomandi þarf að vera fullkomlega sjálfbær með að komast inn í vagninn
- Biðja samferðafólk sitt um aðstoð við að taka út rampinn eða biðla til vagnstjóra
- Tryggja að bak hjólastólsins snúi í akstursátt
- Notað öryggisbelti til að festa stólinn
- Aðeins einn hjólastóll kemst fyrir í hverjum vagni.

Aðkoma sveitarfélagana/Strætó bs.

- Lista upp biðstöðvar með ásættanlegu aðgengi fyrir fatlaða, viðmiðið er að hjólastólar komist vel að og frá.
- Biðja Skipulags- og þróunarsvið (Strætó bs.) að skipuleggja sumarætlun þannig að amk. ein ferð á klukkustund sé ábyggilega með rampi og að farþegar með líkamlega fötlun geti örugglega ferðast með vagninum. Biðstöðvatöflur merktar og bílar sérmerktir.
- „Strætóliði“. Aðili sem aðstoði þá sem þurfa aðstoð (eldra fólk og fatlaðir) til að byrja með.
- Að vagnstjórar séu meðvitaðir um þennan farþegahóp.

Sjálfsbjörg gerir sér vel grein fyrir að þjónusta strætó er ekki sambærileg þjónustu ferðapjónustu fatlaðra. Aðrar þjóðir sem við berum okkur saman, við hafa hins vegar farið svipaðar leiðir og þær sem hér eru lagðar til.

Eru þessar tillögur settar upp í samvinnu við sviðsstjóra farþegaþjónustu Strætó bs.

Með von um jákvæðar undirtektir.

F.h Sjálfsbjargar Lsf.

Bergur Þorri Benjamínsson varaformaður/málefnafulltrúi

